

## 1990 nr. 15 27. mars

### Lög vegna aðildar Íslands að Evrópu-samningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu

Tóku gildi 6. apríl 1990. Breytt með l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **innanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Með lögum þessum eru sett fyrirmæli vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 26. nóvember 1987.

■ **2. gr.** Nefnd, sem stofnsett er samkvæmt samningnum til að rannsaka meðferð frelsissviptra manna, hefur rétt til að heimsækja hvern þann stað hér á landi þar sem frelsissviptur maður er vistaður samkvæmt ákvörðun yfirvalda ef:

1. Tilgangur heimsóknar er að rannsaka hvernig meðferð maðurinn sætir, og

2. nefndin hefur tilkynnt þá fyrirætlun sína að heimsækja staði hér á landi.

■ **3. gr.** Sá sem ábyrgð ber á frelsissviptum manni eða er í fyrirsvari fyrir stofnun, þar sem hann er vistaður, skal láta nefndinni í té þá aðstoð sem hún þarfnast til að sinna skyldum sínum. Aðilar þessir skulu heimila nefndinni:

1. Aðgang að þeim stöðum þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir og rétt til ferðar innan slíkra staða án hindrunar,

2. að eiga viðtöl í einrúmi við frelsissvipta menn og aðra sem veitt geta upplýsingar um meðferð slíkra manna,

3. að fá upplýsingar sem hún þarfnast til að sinna hlutverki sínu.

■ **4. gr.** Ef sá sem ábyrgð ber á frelsissviptum manni eða er í fyrirsvari fyrir stofnun, sem nefndin fyrirhugar að heimsækja, hefur athugasemdir við tíma eða stað heimsóknar skal viðkomandi þegar tilkynna það [ráðuneytinu].<sup>1)</sup> Ráðuneytið ákveður hvort fyrirhugaðri heimsókn verði andmælt við nefndina.

□ Ráðuneytið tekur jafnframt ákvörðun um flutning á mönnum, sem nefndin hyggst heimsækja, til að nefndin geti rækt störf sín.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 136. gr.

■ **5. gr.** Nefndarmenn og sérfræðingar, sem starfa með nefndinni, skulu meðan þeir rækja störf sín og ferðast vegna starfa sinna hér á landi njóta eftirtalinnna forréttinda og friðhelgi:

1. Friðhelgi að því er varðar handtöku og kyrrsetningu og hald á einkafarangri, svo og að því er varðar hvers kyns lög-sókn vegna allra athafna þeirra í starfi, þar á meðal vegna ummæla í ræðu og riti.

2. Undanþágu frá öllum hömlum á ferðafrelsi við brottför og komu til landsins vegna starfa í nefndinni og undanþágu frá skráningu útlendinga þegar komið er í vitjun til landsins eða farið um landið af öðrum ástæðum vegna starfa sinna.

3. Sömu aðstöðu varðandi tollgæslu og gjaldeyriseftirlit og veitt er fulltrúum erlendra ríkisstjórna sem gegna hér á landi tímabundnum opinberum erindum.

□ Skjöl og gögn nefndarinnar eru friðhelg að því leyti sem þau varða störf hennar og ekki má hefta eða ritskoða opinber bréf eða önnur opinber boðskipti nefndarinnar.

□ Friðhelgi að því er varðar lögsókn vegna ummæla í ræðu eða riti og allra athafna nefndarmanna við störf helst eftir að þeir láta af störfum.

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.